



## Skýrsla prests ásamt viðaukum

Sr. Arna Grétarsdóttir



Íslenski Söfnuðurinn í Noregi  
Den Islandske Menighet i Norge

**Aðalfundur 4. maí 2014**



---

## Efnisskrá

|   |           |
|---|-----------|
| <b>INNGANGUR</b>  | <b>3</b>  |
| <b>PRESTSPJÓNUSTA</b>   | <b>4</b>  |
| <b>GUÐSPJÓNUSTUR, HELGIHALD OG ATHAFNIR</b>   | <b>4</b>  |
| <b>SÁLGÆSLA OG KÆRLEIKSPJÓNUSTA</b>   | <b>5</b>  |
| <b>FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ</b>  | <b>5</b>  |
| <b>UPPLÝSINGAMÁL, SAMSTARF OG FUNDIR</b>  | <b>6</b>  |
| <b>SAFNAÐARSTARF - FRÁ FRÆÐSLUFULLTRÚA</b>  | <b>7</b>  |
| <b>SUNNUDAGASKÓLI</b>   | <b>7</b>  |
| <b>UNGLINGASTARF</b>  | <b>8</b>  |
| <b>ELDRI BORGARAR</b>   | <b>8</b>  |
| <b>TILVILJUN. SKÝRSLA VERKEFNASTJÓRA (SJÁ VIÐAUKA 1)</b>                                    | <b>8</b>  |
| <b>LISTANEFND</b>   | <b>9</b>  |
| <b>SKÝRSLA LISTANEFNDAR (SJÁ VIÐAUKA 3)</b>   | <b>9</b>  |
| <b>SKIPULAGSSKRÁ (SJÁ VIÐAUKA 4)</b>  | <b>9</b>  |
| <b>ÓLAFÍUSJÓÐUR</b>   | <b>9</b>  |
| <b>FUNDIR OG ÚTHLUTANIR</b>   | <b>9</b>  |
| <b>ÓLAFÍUHÁTÍÐ SKÝRSLA VERKEFNASTJÓRA (SJÁ VIÐAUKA 2)</b>                                   | <b>10</b> |
| <b>AÐ LOKUM</b>   | <b>10</b> |
| <i>VIÐAUKI 1. TILVILJUN: SKÝRSLA MARGRÉTAR ÓLAFAR MAGNÚSDÓTTUR DJÁKNA OG VERKEFNASTJÓRA</i> | <b>11</b> |
| <i>VIÐAUKI 2. ÓLAFÍUHÁTÍÐ: SKÝRSLA VALDIMARS ÞÓRS SVAVARSSONAR VERKEFNASTJÓRA</i>           | <b>16</b> |
| <i>VIÐAUKI 3. LISTANEFND: SKÝRSLA EYGLÓAR SIGMUNSDÓTTUR FORMANNS</i>                        | <b>18</b> |
| <i>VIÐAUKI 4. SKIPULAGSSKRÁ LISTANEFNDAR</i>  | <b>20</b> |



## Inngangur

***“Við höfum á einum líkama marga limi en limirnir hafa ekki allir sama starfa. Eins erum við, þótt mörg séum, einn líkami í Kristi en hvert um sig annars limir.” (Róm.12.4-5)***

Þannig lýsir postulinn Páll hinum mismunandi verkefnum sem hver Kristinn söfnuður stendur frammi fyrir og undirstrikar mikilvægi hvers einasta hlutverks sem hver og ein manneskja hefur. Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af Þjóðkirkju Íslands og sproti af alheimskirkjunni og fær fjármagn til starfsins í gegnum norsk sóknargjöld. Við erum lánsöm og njótum mikilla forréttinda að hafa nægt fé til boða trú á frelsarann Jesú Krist. Verkefnin eru mörg og mismunandi, ná yfir stórt landsvæði og eru öll jafn mikilvæg. Við getum ekki án starfa hvers annarra verið. Þannig sé ég söfnuðinn okkar sem einn líkama sem hefur marga limi sem starfar í þeirri einingu að vera eitt í Kristi. Kristur er uppspretta næringar, krafts og vilja til trúar og verka. Þá minni ég á það sem Páll nefnir líka (Róm.12.3c) og það er að hvert og eitt okkar haldi sér við þann mæli trúar sem Guð hefur úthlutað.

Söfnuðurinn tók stórt og mikilvægt skref í að bæta þjónustu við safnaðarmeðlimi þegar fræðslufulltrúi var ráðinn til starfa um mitt árið 2013. Eftir vinnu við þarfagreiningu var auglýst og lagði valnefnd mikla vinnu í umsóknarferlið allt. Valdimar Þór Svavarsson var ráðinn til starfsins frá 1. júní. Helstu verkefni fræðslufulltrúa er að hafa umsjón með barna- og unglingastarfi safnaðarins, ásamt því að vera innan handar í öðru safnaðarstarfi. Stór hluti starfsins felst í viðburðarstjórnun og kynningarstarfi fyrir söfnuðinn. Eins hefur fræðslufulltrúi verið tiltækur í þau önnur kærleiksþjónustuverkefni sem til hafa fallið ásamt því að sinna bæna- og helgihaldi sem prestur hefur falið honum. Þegar þetta er ritað er Valdimar fluttur til baka til Íslands. Þakka ég honum kærlega fyrir gott samstarf og óska honum velfarnaðar og Guðs blessunar á þessum tímamótum.

Nú erum við þrjú í fullu starfi sem höfum aðsetur í Ólafíustofu. Inga Erlingsdóttir er okkur öllum innan handar með fastri viðveru á skrifstofunni og þakka ég henni sérstaklega fyrir alla auðfengna aðstoð og umhyggju sem hún ber fyrir starfinu öllu.

Í safnaðarstjórn hefur valist einvala lið með áhuga á að byggja upp safnaðarstarfið og reka söfnuðinn með ábyrgum hætti. Oft er miklu fórnað af tíma og kröftum. Guð blessi þau störf öll og fjölskyldur ykkar allra.

Öll þau sem lagt hafa söfnuðinum lið á einn eða annan hátt bið ég blessunar Guðs í öllu starfi og einkalífi og þakka fyrir elju og trúfesti á akrinum við hin ýmsu störf.



## Prestsþjónusta



### *Guðsþjónustur, helgihald og athafnir*

Guðsþjónustuhald var á einum 15 stöðum árið 2012. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Fredrikstad, Kristiansand, Stavanger, Bergen,

Bråndheimur, Tromsø, Haugesund, Kristiansund, Sandefjord, Geilo, Ålesund, Farsund og Ísland (Fermingarmessa á Seltjarnarnesi). Haldnar voru 36 guðsþjónustur, bæna- og/eða helgistundir og 68 sunnudagaskólar um landið. 4100 sálir sóttu helgihald safnaðarins á árinu. Í annað safnaðarstarf hefur ekki verið talið. Árið 2013 voru skírð 15 börn, 5 í kirkjum og 10 í heimahúsum. Hjónavígslur voru 3 og 5 útfarir/minningarathafnir. 49 börn voru skráð í *fermingarfræðslu* safnaðarins veturinn 2012-13 og á árinu 2013 voru fermd 22 börn í 4 athöfnum. Hluti fermingarbarnanna fermist á Íslandi hjá prestum á fyrri heimaslóðum fjölskyldnanna eða hjá prestum innan norsku kirkjunnar. Þetta er gert í góðu samstarfi og gefur prestur út vottorð um að fermingarfræðslu sé lokið eða muni ljúka hjá söfnuðinum í Noregi.

Við skipulag á guðsþjónustunum eru *tengiliðirnir* ómissandi sem fyrr. Þeir aðstoða m.a. við að bóka kirkju, auglýsa, sækja prest á flugvöll (ef þarf), sjá um að hringja út og minna á og auglýsa messuna og að sjá um að halda utan um messukaffið á eftir ásamt Íslendingafélögunum. Þessi aðstoð tengiliðanna er ómetanleg og er starfið um landið mögulegt vegna þeirra. Tengiliðirnir eru oftast en ekki formenn Íslendingafélaganna eða starfa náð með þeim. Hér verður einnig að minnast á kórastarfið sem fer vaxandi meðal Íslendinga í Noregi. Nú eru starfandi 3 kórar, Ískórinn í Ósló, Íslendingakórinn í Bergen og Kór Kjartans í Bråndheimi. Þessir kórar hafa allir gengt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu.

*Safnaðarstjórn* fór með presti í messuferð sem hin fyrri ár og hélt þar vinnufund og tók þátt í messuhaldinu. Í mars var farið til Geilo þar sem stíft var fundað og skíðamessa haldin upp í fjalli í samstarfi við skátana í Geilo og Norsku kirkjuna. Þau hraustu skíðuðu inn að ískirkjunni sem skorin hafði verið út í snjó en aðrir fengu far með vélsleða upp á fjall.





*Alþjóðlegur bænadagur kvenna* er fyrsta föstudag í mars ár hvert. Íslenski söfnuðurinn tekur þátt ásamt fleiri kristnum söfnuðum í Nordbergkirkju. Það er mikilvægt fyrir lítinn söfnuð að finna sig í hópi trússystkina víða að úr heiminum.

*Aðventuhátíðin* í Ósló heppnaðist vel. Hátíðarræðu flutti Þórarinn Eldjárn rithöfundur við mikið lof. Hulda Björk Garðarsdóttir söng sig inn í hjörtu kirkjugesta við undirleik Hjörleifs Valssonar fiðluleikara. Þau fóru einnig til Stavanger og Bergen og glöddu þar kirkjugesti aðventunnar. Í Þrándheimi sungu saman Ískórinn og kór Kjartans og mynduðust ómetanleg vinabönd við þá ferð. Hjörleifur Valsson spilaði einnig í jólamessunni í Þrándheimi.

Sem fyrri ár hefur prestur getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá Norsku kirkjunni til að taka einstaka guðsþjónustu sem prestur safnaðarins nær ekki að sinna. Við slíka beiðni er greitt fyrir viðvikið, skýrslu skilað og skráð í kirkjubækur. Íslenskir prestar starfandi í Noregi hafa fundað vegna þessa samstarfs. Fundur var haldinn í Ósló í mars. Þar kom fram að flest allir norskir yfirmenn (prófastar) hafa tekið vel í þessa viðbót prestanna sem þó verður að vinna á frídegi í flest öllum tilvikum.

### *Sálgæsla og kærleiksþjónusta*

Prestur sinnti *sálgæslu og kærleiksþjónustu* sem fyrr og fór í 11 hús- og sjúkravitjanir á árinu. 122 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum og 195 símasálgæsluviðtöl var veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupóstssamskipti. Sálgæsluteymi er starfandi um landið og hefur prestur samstarf við íslenskt fagfólk sem sinnir kristinni sálgæslu eða meðferðarúræðum sem ekki verður með góðu móti sinnt nema á móðurmálinu. Fagleg handleiðsla og endurmenntun hefur verið hluti af sálgæsluvinnu prestsins og er nauðsynleg til að tryggja faglega þjónustu sem og að viðhalda starfsánægju.

*Símatími prests* er frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 10-11 og mánudagar eru vikulegir frídagar. Viðtalstímar á skrifstofu eða í síma eftir samkomulagi.

### *Fræðsla og námskeið*

Í ársbyrjun 2013 var haldið *námskeið sem hét Lífsýn og trú* fyrir fullorðna sem fjallaði um ýmsar hliðar trúar ásamt uppbyggjandi samskiptum og hvatningu. Námskeiðið var haldið einu sinni í viku í 8 skipti. Var þátttaka undir væntingum og því var ákveðið að fara ekki af stað aftur í ár. Í skoðun er að námskeiðið verði haldið annað hvert ár. Fræðarar voru Sr. Arna Grétarsdóttir, Valdimar Svavarsson, María Gunnarsdóttir og Margrét Ólöf Magnúsdóttir.

*Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur* er námskeið sem hefur fengið fastan sess í ársrútinu safnaðarstarfsins. Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur og sr. Arna Grétarsdóttir sömdu



námskeiðið og hafa kennt það nú í um 4 ár. Námskeið var haldið í Stavanger og Ósló árið 2013. Margar fyrirspurnir hafa borist um sambærilegt námskeið fyrir karla og varð sú hugmynd að veruleika í upphafi árs 2014.

*Árlegt leiðtoganámskeið* var haldið fyrir sunnudagaskólaleiðtoga safnaðarins á vegum fræðsluviðs Biskupsstofu. Að þessu sinni var námskeiðið haldið í Jónshúsi í Kaupmannahöfn í samstarfi við safnaðastjórnir í Danmörk og Svíþjóð.

*Námskeið fyrir ungleiðtoga* var haldið 12. október þar sem Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir fór í gegnum helstu atriðin í tengslum við þátttöku ungleiðtoga í safnaðarstarfi. Á sama tíma var námskeið fyrir starfsfólk og stjórn safnaðarins í höndum Sr. Árna Svans Daníelssonar verkefnastjóra og sérþjónustuprests á Biskupsstofu.

*Fermingarnámskeiðin* eru tvisvar á ári, í maí og september. Þessi námskeið eru samstarfsverkefni Íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Farið er til Åh Stiftgaard i Svíþjóð þar sem hópurinn fær fræðslu í formi fyrirlestra, samtala og leikja. Þessi námskeið hafa slegið í gegn hjá unglíngunum og umhverfið allt frábært til að koma góðum boðskap og fræðslu til skila.

#### *Upplýsingamál, samstarf og fundir*

*Fréttabréfið* kemur út ár hvert í lok janúar og september. Hrafnhildur Brynjarsdóttir, grafískur hönnuður hefur sett upp fréttabréfið, en umsjón með útgáfunni hefur nú færst af presti yfir á fræðslufulltrúa. Facebook síða safnaðarins “Íslenski söfnuðurinn í Noregi” ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólann í Bergen, Stavanger og Kristiansund eru virkar sem og Æskulýðshópurinn í Noregi. Einnig er þessi samskiptasíða notuð til samskipta við fermingarbörn og foreldra. Þar er starfið auglýst og skilaboðum komið til sóknarbarna. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðu “Íslendingar í Noregi” og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no).



Íslenski Söfnuðurinn í Noregi  
Den Islandske Menighet i Norge

*Ólafíurósín* sem er merki safnaðarins var hannað á árinu og var unnið í samvinnu Hrafnhildar Brynjarsdóttur, Hönnu Maríu Helgadóttur og Maríu Gunnarsdóttur. Eins var gert rafrænt bréfsefni safnaðarins.

*Ný heimasíða* fór í loftið á árinu og má segja að útlit safnaðarins sé nú fullfrágegnið. Kynningarmálin eru sístætt verkefni sem alltaf er í hraðri þróun og því alltaf hægt að gera betur í þeim efnum.

*Lýðveldishátíðin* er haldin í samstarfi við Íslendingafélögin þar sem óskað er eftir. Hátíðarhöldin hefjast þá með helgihaldi eða prestur flytur hugleiðingu inn í hátíðardagskrá.



*Samstarf* við sendiráðsskrifstofu er mikilvægt þegar á reynir og er sendiherra og öllu starfsfólki hans þakkað gott samstarf. Eins er mikilvægt fyrir prest að starfa með norskum prestum þar sem allt guðsþjónustuhald er háð því að fá inni í norskum kirkjum.

*Prestur sótti 56 fundi* á árinu í tengslum við safnaðarstarfið allt. Fer þessi þáttur starfsins vaxandi þar sem miklar breytingar fylgja því að vinna í eins eða tveggja manna teymi og þar sem margar hendur koma að. Prestur hefur verið 2. varamaður inn á Kirkjuþing og tók sæti á þinginu á haustmánuðum.

## Safnaðarstarf - frá fræðslufulltrúa

### *Sunnudagaskóli*

Sunnudagaskólar eru haldnir víða um land. Sunnudagaskólar hafa verið á 10 stöðum á landinu, Oslo, Fredrikstad, Drammen, Sandefjord, Kristiansand, Kristiansund, Bergen og Stavanger auk þess sem þeir eru haldnir í tengslum við helgihald á vegum safnaðarins á öðrum stöðum, t.d. Tromsø og Þrándheimi. Að sunnudagaskólanum koma fjölmargir starfsmenn og sjálfboðaliðar eða um 25 manns. Í Oslo hafa Hrefna Grétarsdóttir, Heiðrún Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson séð um sunnudagaskólann í vetur, í Fredrikstad eru það María Gunnarsdóttir og Sigríður Georgson. Í Drammen hafa Hrefna og Sigríður verið, í Sandefjord og Kristiansand hafa Margrét Ólöf Magnúsdóttir og Benedikt Grétar Ásmundsson verið með starfið, í Kristiansund hafa Sigurborg Bjarnadóttir og Anna Margrét Gunnarsdóttir verið með sunnudagaskólann, í Bergen hafa Helga Sigríður Þórsdóttir og Ingibjartur Jónsson séð um starfið og í Stavanger eru Lilja Björk Þorsteinsdóttir og Anna María Proppé að sjá um sunnudagaskólann. Í Þrándheimi var haldin messa á haustönn og þar sá Marta Ingólfssdóttir um sunnudagaskóla. Í mars var messa í Tromsø og þar leiddu Sigríður Georgson og Valdimar Svavarsson sunnudagaskólann.

Sunnudagaskólinn gengur almennt vel, þátttakan stöðug og gott efni aðgengilegt frá efnisveitu kirkjunnar. Íþróttarálfurinn kom í heimsókn til Óslóar og Kristiansund í lok febrúar og er væntanlegur til Kristiansund, Bergen og Stavanger síðustu helgina í apríl. Nýtt myndefni með Tófu í aðalhlutverki var gefið út síðasta sumar og hefur vakið lukku meðal þátttakenda

Prestur hóf átak veturinn 2010 í því að koma sunnudagaskólanum á DVD inn á heimilin. Með þessu er reynt að mæta börnunum í dreifðinni og styrkja heimilisguðrækni. Nýr diskur kom út á árinu 2013 “Daginn í dag 3” og er sá diskur nú gefinn við skírnrir og í sunnudagaskólanum.



## Unglingastarf

Æskulýðshópur safnaðarins er stór hópur unglunga sem búa vítt og breitt um Noreg. Margir í hópnum fá tækifæri til þess að kynast í gegnum fermingarfræðsluna sem fram fer með sameiginlegum ferðum til Åh Stiftgård í Svíþjóð þar sem fermingarbörnum af öllu landinu ásamt íslenskum fermingarbörnum frá Svíþjóð og Danmörku mæta saman til þess að taka þátt í fræðslu og leik. Unglingum á aldrinum 14-17 ára hefur staðið til boða að fara í ferð á landsmót ÆSKP á Íslandi og þátttakan verið mjög góð. 25. – 27. október var farið á landsmótið sem haldið var í Keflavík að þessu sinni. 30 unglingar fóru frá Noregi og tóku þátt í stærsta landsmóti til þessa með yfir 600 þátttakendum. Með í ferðinni voru 6 starfsmenn á vegum safnaðarins auk ungleiðtoga sem tóku virkan þátt.

Unglingastarf í Ósló er haldið í hverjum mánuði á vor og haustönn. Þátttaka um 3-8 í hvert skipti eða um 25 manns það sem af er vetrar. Hjörleifur Valsson tók þátt í starfinu ásamt fræðslufulltrúa. Unglingastarf er starfrækt í Stavanger þar sem Lilja Björk Þorsteinsdóttir, Anna María Proppé og Díana Guðmundsdóttir hafa séð um vaxandi starf. Þá er unglingsstarf í Bergen og Rebekka Ingibjartsdóttir er þar öflugur leiðtogi.

## Eldri borgarar

Eldri borgarar í Ósló – Starf eldri borgara hefur verið haldið mánaðarlega í vetur. Þátttakendur hafa hist í Ólafíustofu og þar hefur verið rætt um daginn og veginn, litið í blöð, horft á fréttapætti frá Íslandi, unnið að handverki og borðaður góður matur. Eldri borgarar fóru á jólatónleika í Drammen í desember þar sem 20 manns voru samankomnir og enduðu flestir í kaffiboði sem haldið var á heimili eins þátttakandans. Í janúar var haldin árleg hangikjötsveisla þar sem um 50 manns mættu og áttu saman góða stund. Almennt hafa verið 6-8 á fundunum þó talan hafi farið niður í 1 og upp í 50 manns eftir því hvað hefur verið um að vera. Heildarfjöldi yfir það sem af er vetrar í öllu starfi vegna eldri borgara í Oslo er um 100 manns. Einar T. Traustason hefur unnið ötullega að starfi eldri borgara og Osvald Kratsch eldri borgari hefur tekið virkan þátt í starfinu ásamt fræðslufulltrúa safnaðarins.



## Tilviljun. Skýrsla verkefnastjóra (sjá viðauka 1)





## Listanefnd

*Skýrsla Listanefndar (sjá viðauka 3)*

Listanefnd var sett á laggirnar á aðalfundi 2012 og hefur starfað síðan. Í nefndinni eru: Eygló Sigmundsdóttir formaður, Hjörleifur Valsson, Ingibjartur Jónsson,



Sigríður Gísladóttir ásamt sr. Örnú Grétarsdóttur. Einar Traustason kom inn í nefndina að beiðni safnaðarstjórnar þegar Sigríður Gísladóttir flutti til Íslands. Nú er lögð fyrir skipulagsskrá fyrir listanefndina sem unnin hefur verið til að marka starfssvið og hlutverk nefndarinnar.

*Skipulagsskrá (sjá viðauka 4)*

## Ólafíusjóður

*Fundir og úthlutanir*

Úthlutanir úr Ólafíusjóði safnaðarins er hluti af kærleikspjónustu safnaðarins (diakonia). Sjóðurinn fær 50.000 nkr til úthlutunar samkvæmt skipulagsskrá á ári og er það fé tekið af vaxtatekjum safnaðarins. Eins komu inn í formi gjafa, safnana og útleigu á Ólafíustofu 20.981 nkr. Osvald Kratsch gaf höfðinglega gjöf 10.000 nkr. Þakkað er sérstaklega fyrir þann hlýhug. Árið 2013 var úthlutað 75.581 nkr. til 10 fjölskyldna. Eins var úthlutað fyrir jólin sérstakri úthlutun til Hjálparstarfs Kirkjunnar á Íslandi 30.000 nkr. Þessi gjöf til Íslands er hluti af aðalfundarsamþykkt frá 2009. Haldnir voru 5 fundir á árinu, eins var tæknin notuð til samskipta þegar þurfa þótti.

Ólafíusjóður Íslenska safnaðarins í Noregi var stofnsettur 1. nóvember 2009. Í stjóðsstjórn sitja ásamt prest, Kristján Daðason og Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sem er formaður stjórnar. Stofnun sjóðsins var fyrsta skref í þá átt að halda minningu og nafni Ólafíu Jóhannsdóttur á lofti. Söfnuðurinn vill halda heiðri þessarar merku kristnu konu á lofti og má sjá merki þess víða í starfi safnaðarins. Heimildarmynd um Ólafíu er nú í vinnslu og á lokametrunum. Guðni



Ölversson hefur haft veg og vanda að því að koma því verki í framkvæmd. Hönnuð hafa verið jólakort með Ólafúrósinni og minningarkort eru í vinnslu.

Hægt er að sækja um í sjóðinn á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á netinu: [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no), hjá starfsmanni eða prest. Sérstök skýrsla var gefin út af formanni um starfsemi sjóðsins. Skipulagsskráin liggur einnig úti á heimasíðu safnaðarins.

### *Ólafíuhátíð skýrsla verkefnastjóra (sjá viðauka 2)*

Ólafíuhátíð var haldin í júní 2013 en á því ári voru 150 ár liðin frá fæðingu Ólafíu Jóhannsdóttur. Margt var gert til að minnast þessara tímamóta. Auk hátíðarinnar var ráðist í gerð heimildarmyndar um Ólafíu og söfnuðinn, eins var á Ólafíudegi 22.október sem er fæðingardagur Ólafíu boðið upp á listadagsskrá í Ólafíustofu.

## **Að lokum**

Af þessari skýrslu má sjá að starfið vex og blómstar ár frá ári. Margar hendur vinna létt verk. Það er mikil gleði sem fylgir því að fá að þjóna í söfnuði þar sem trú, kraftur og vilji til starfa er svo mikill sem raun ber vitni. Það er mitt mat að starfið hafi náð þeim vexti sem því er unnt innan þess fjárhagsramma sem söfnuðurinn hefur yfir að ráða núna. Eftir mikla uppbyggingu síðustu ára tekur nú við tímabil viðhalds þó án þess að líta fram hjá þeim tækifærum sem bjóðast til að bæta boðunarstarf og skipulag á hverjum tíma.

*Drottinn leiði hvert verk sem unnið er og hverja bæn sem fram er færð í þjónustu og safnaðarstarfi öllu.*

*Arna Grétarsdóttir,  
Prestur Íslenska safnaðarins í Noregi  
Ósló í apríl 2014*



*Viðauki 1.* Tilviljun: Skýrsla Margrétar Ólafar Magnúsdóttur djákna og verkefnastjóra

## **Tilviljun til Noregs 2.-10.febrúar 2013 á vegum íslenska safnaðarins í Noregi.**

### **Skýrsla**

#### **Inngangur**

Í þessari skýrslu er farið yfir aðdraganda og framkvæmd þess að fá hljómsveitina Tilviljun? Til Noregs í boði íslenska safnaðarins.

Tilgangurinn með komu þeirra var að koma með tilboð fyrir íslensk ungmenni í Noregi, hafa uppbyggilegt og skemmtilegt prógramm í boði og kynna kristilega tónlist. Hljómsveitin kom til Noregs laugardaginn 2. febrúar, var á 5 stöðum og hafði tvær poppmessur, fimm samverur og þrenna tónleika . Farið var til Osló, Sandefjord, Kristiansand, Stavanger og Bergen.

#### **Hljómsveitarmeðlimir**

Elías Bjarnason gítar, Birkir Bjarnason , Markús Bjarnason gítar, Gylfi Bragi Guðlaugsson bassi, Benjamín Ingi Böðvarsson trommur, Anna Bergljót Bjöðvarsdóttur söngur og Auður Sif Jónsdóttir söngur.  
Umboðsmaður Hildur Björg Gunnarsdóttir (hún var með í Osló)

Birkir gat því miður ekki komið í ferðina, hann fékk samfallið lunga í vikunni á undan ferðinni og fékk ekki leyfi til að fljúga eða koma með Norrænu. Hljómsveitin breytti því «áferðinni» á lögunum miðað við það.

#### **Undirbúningur**

Margrét Ólöf Magnúsdóttir (MÓM) var fengin til að undirbúa og skipuleggja verkefnið. Það var gert í samvinnu með sr. Örnú Grétarsdóttur, Helgu Sigríði Þórisdóttur (í safnaðarstjórn) og Ingu Erlingsdóttur starfsmanni safnaðarins. MÓM hún á vinnufund með hljómsveitinni til Íslands. Þar ákváðum við í sameiningu hvað ætti að vera innihaldið í samverunum; hópeflisleikur til að kynna, kynna hljómsveitina, kynna ýmiss konar kristilega tónlist með samanklipptum tónlistarmyndböndum, hafa söguna um dýrmætu Perluna og mikilvægi trúarinnar en að sama skapi að benda á hversu mikilvæg við erum í augum Guðs, óendanlega dýrmæt. Allir fengu «demant» (frá Nille) til minningar um boðskapinn. Einnig fengu allar fjölskyldur dvd diskinn «Daginn í dag2». Í lok hvernar samveru var boðið upp á pizzur.

Í Osló og Bergen var «workshop» með ungmennunum sem mættu. Hljómsveitin kenndi afrískan söng sem var á swahili, skrifuð voru bænarefni, gerð hjörtu sem voru gefin til allra í messunum í Osló og Bergen. Á hjörtunum voru ungmennin búin að skrifa eitthvað fallett og eða ritingarstaði. Einnig lásu ungmenni ritningarlestra í messunum.



Einar Tryggvi Traustason, var bílstjóri og «alt muligt mann» í ferðinni. Við vorum með 16 manna rútu. Trommur og allar græjur voru leigðar allan tímann í gegnum Guðmund Gíslason. MÓM var fararstjóri.

Kynningar á viðburðunum voru í gegnum vefsíðu íslenska safnaðarins í Noregi og allar «facebook- síður» sem hægt var að tengja við staðina: Íslendingar í Noregi, Íslendingafélög á viðkomandi stöðum og víðar.

### Dagskrá

|              |             |              |  |
|--------------|-------------|--------------|--|
| Laugardagur  | 2. febrúar  | Osló         | Lenda og Workshop kl.15 - 18 í Ólafíustofu |
| Sunnudagur   | 3. febrúar  |              | Poppmessa kl.14 í Nordberg kirkju í Osló   |
| Mánudagur    | 4. febrúar  | Frí          |  |
| Þriðjudagur  | 5. febrúar  | Sandefjord   | Samvera kl.16.30 og tónleikar kl.18        |
| Miðvikudagur | 6. febrúar  | Kristiansand | Samvera kl.17.30 og tónleikar kl.20        |
| Fimmtudagur  | 7. febrúar  | Stavanger    | Samvera kl.17.30 og tónleikar kl.20        |
| Föstudagur   | 8. febrúar  | Bergen       | Frí  |
| Laugardagur  | 9. febrúar  |              | Workshop kl.15 - 18                        |
| Sunnudagur   | 10. febrúar |              | Poppmessa kl.14 Heim                       |

MÓM og ET keyra til Flåm, gista, 11.febrúar keyra heim.

### Framkvæmdin og mat á hverjum viðburði

Nú verður farið yfir framkvæmdina í stórum dráttum og skrifað niður mat á hverjum viðburði. Þetta er mat hljómsveitarinnar og MÓM og ET.

Laugardagur 2.febrúar Lending á Gardemoen kl.11.10, MÓM og ETT tóku á móti þeim.

Gisting: íbúðarhótel Apartment Hotel Norge Chateau Apartments Nedregate 8 (mjög fín gisting) og svo í Ólafíustofu.

Kl.15 - 17 Workshop og pizzur: fermingarhópurinn sem var í fræðslu hjá sr. Örnú milli kl.13 og 15 tók þátt í prógramminu, einnig bættust við nokkrir úr æskulýðsfélaginu, auk þess sem nokkrir foreldrar voru á staðnum og yngri systikini. Samtals rúmlega 40 manns.

Keyrðum prógrammið og var mikið fjör í þessu litla plássi. Þegar skipta átti í hópa þurtu hóparnir að vera allir í sama rými. Hefði verið snjallara að hafa alla saman í hópi og allir færu í öll verkefni á sama tíma. En mikil ánægja að hitta allt þetta fólk og gleði ríkti allan tímann.



---

Sunnudagur 3.febrúar Kl.14 Poppmessa í Nordberg kirkju Fjöldi gesta: um 40 manns. Fjölskyldur með börn á öllum aldri. Fáir úr workshop mættu. Spurning hvort hefði átt að fá sem flesta í hlutverk til að það væri meira ástæða til að mæta í messuna. Messan gekk vel og tónlistin drundi um alla kirkju. Ánægjulegt messukaffi eftir á og þá tækifæri til að tala við messugesti.

Kvöldmatur var heima hjá sr. Örnunni eftir messukaffi og frágang, þar höfðum við góða söngstund eftir dýrindis veitingar.

#### Mánudagur 4.febrúar

FRÍ í Osló Það var mjög kærkomið og vel metið af okkur öllum.

#### Þriðjudagur 5.febrúar

Sandefjord, Olavs kapelle.

Gisting: Apartment Hotel Sandefjord Bjerggata 57 (mjög mjög fín gistaðstaða)

Kl.16.30: hitta fjölskyldur; prógramm og pizzur uppi í safnaðarheimilinu og tónleikar í kapellunni kl.18

Það komu færri fjölskyldur en við áttum von á og voru búnar að láta vita af sér á facebook. Flensa og gubbapest stakk sér víða niður. En við hittum 16 manns (þar af 5 unglunga), flest af þeim hefur MÓM ekki hitt áður í Olavs kapelle (þar sem hún hefur sunnudagaskóla einu sinni í mánuði) og þarna mættu fjölskyldur sem höfðu ekki áttað sig á að það væri starf í boði einu sinni í mánuði. Þannig að það mynduðust ný tengsl, sem var mjög ánægjulegt. Það var góð stemming og allir glaðir og þakklátir.

Gaman að halda tónleikana í þessari fallegu kapellu (komast 50 manns í sæti) og góð aðstaða í safnaðarheimilinu.

#### Miðvikudagur 6.febrúar

Kristiansand – Voie grendehus (félagsmiðstöð) Prógramm kl.17.30, tónleikar kl.20

Gisting: Budget Hotel, gámar ☺ mjög athyglisvert... OK yfir eina nótt.

Þarna mættu tæplega 20 manns, fjölskyldur með börn á öllum aldri, nokkur mjög lítil og því litaðist stemmingin af því. Þess vegna var of seint að hafa tónleikana kl.20, hefði verið betra að hafa sama upplegg og í Sandefjord.

Mjög jákvæður hópur sem var mjög þakklátur fyrir tilboðið. 5 unglingar, m.a. fermingarbörn. Fólk þekktist ekki allt innbyrðis sem kom. Hallfríður Jóhannsdóttir er með vefsíðu Íslendingafélagsins í Suður-Noregi og var mjög hjálpleg í undirbúningi, hún pantaði húsnæði fyrir okkkur og mælti með gistingunni. Hún var afskaplega jákvæð með þetta samstarf íslenska safnaðarins og íslendingafélagsins og vill gjarnan halda því áfram. Við munum undirbúa vorhátíð saman sem verður í lok maí. Allir



---

foreldrarnir minntust á vilja sinn með að hafa sunnudagaskóla á svæðinu. Gaman að spila í þessu húsnæði, lítið og «hrátt».

#### Fimmtudagur 7.febrúar

Stavanger Tjensvoll kirke, Tellusveien 43 Prógramm kl.17.30, tónleikar kl. 20

Gisting: St. Svithun Hotell AS (Terje) Gerd-Ragna Bloch Thorsens gate 8, mjög gott hotel.

Tengiliðurinn í Stavanger var Lilja Björk Þorsteinsdóttir í stjórn safnaðarins og var hún okkur til halds og trausts.

Þrátt fyrir að auglýst hefði verið fjölskyldustund eins og í Sandefjord og Kristiansand, keyrðu foreldrar unglíngana sína bara upp að dyrum og fóru svo. Þannig að við vorum með 10 unglíngum í prógramminu, svo bættust við 7 fullorðnir í viðbót á tónleikunum. Það var rosalega gaman að vera með unglíngunum, þau voru svo jákvæð og skemmtileg. Það var farið í ýmsa leiki sem ekki er hægt með fjölbreyttari hóp. Okkur þótti mjög gaman að vera með þeim, þau voru algjörir snillingar. Okkur fannst þetta vera góður grunnur fyrir æskulýðsfélag í Stavanger.

Tónleikarnir heppnuðust best af öllum góðu tónleikunum. Hljómburðurinn var svo rosalega góður og allt gekk svo vel og við gátum haft kerti mjög víða í kirkjunni sem skapa alltaf góða stemmingu.

#### Föstudagur 8.febrúar

Stavanger – Bergen: Frí þegar við vorum komin til Bergen og var það mjög kærkomið.

Gisting fyrir Tilviljun?: YMCA Hostel Bergen (svona lala), var ekki pláss fyrir MÓM og ETT, vorum á Thon hóteli (mjög gott)

#### Laugardagur 9.febrúar

Skjold kirke, workshop kl.15 – 18. Frábær hópur 8 ungmenna, frá 7. bekk upp í 1. bekk framhaldsskóla. Gaman að vera með þeim í prógramminu og í workshoppinu, höfðum þau öll saman í hópi og æfðum vel fyrir poppmessuna á sunnudeginum. Flottur h

Tengiliðirnir okkar Helga og Ingibjartur buðu okkur í mat eftir workshop og þar áttum við mjög góðan tíma og sungum saman góða stund ásamt dætrunum Mörtu og Rebekku.

#### Sunnudagur 10.febrúar

Poppmessa kl.14, þarna var mjög þéttur hópur, um 50 manns. Greinilegt að þarna eru búnir að vera kjölfestuleiðtogar í nokkur ár, greinilegur stöðugleiki í hópnum. Gaman að sjá krakkana sem eru í «Gospel-krökkunum» og litla kórinn sem myndaðist í sunnudagaskólasyrpunni. Ánægjulegt í alla staði, messan og kaffið eftir á.

Eftir tiltekt keyrðum við hljómsveitina á flugvellinn í Bergen og þau flugu heim til Íslands.



---

MÓM og ETT keyrðu E16 til baka til Osló, gistu í Flåm og voru komin til Osló kl.15 mánudaginn 11.febrúar.

### Lokaorð

Þetta verkefni var stórt og áræðið hjá íslenska söfnuðinum og sýnir mikinn vilja til að efla starfið meðal landans í Noregi.

Á öllum stöðum sem við fórum á mynduðust góð samskipti við marga og það var gaman að kynna öllu þessu jákvæða fólki. Það var mikið spjallað. Sum okkar áttu von á að þið yrðu fleiri á hverjum stað en samtals vorum við með um 180 manns. Hins vegar var sterkt að finna alla jákvæðnina og vijann til að hafa starf á meðal safnaðarins á hverjum stað.

Veðrið lék við okkur allan tímann, góð akstursleið alla leið, bara milli Bergen og Osló sem var á tímabili fljúgandi hálka.

Þetta verkefnið var án efa til að efla starfið í Noregi, kveikja á frekari möguleikum til dæmis í Sandefjord, Kristiansand og Stavanger og styrkja og styðja starfið sem er nú þegar öflugt í Osló og Bergen.

Reyndar vorum við öll saman komin á flug með áframhald á þessu; halda landsmót ungmenna í Noregi og sáum alveg fyrir okkur dagskrána ☺

Fjárhagslegu hliðina á eftir að taka endanlega saman og verður hún gerð í samstarfi við Ingu Erlingsdóttur.

Undirrituð þakkar fyrir að fá að taka að sér þetta verkefni.

Guð blessi íslenska söfnuðinn í Noregi,

Porsgrunn 12.febrúar 2013

Margrét Ólöf Magnúsdóttir.



*Viðauki 2. Ólafíuhátíð: Skýrsla Valdimars Þórs Svavarssonar verkefnastjóra*

## Ólafíuhátíðin 8. – 9. júní 2013

### Um hátíðina:

Ólafíuhátíðin var haldin helgina 8. og 9. júní í tilefni af 150 ára afmæli Ólafíu Jóhannsdóttur sem þekktust er fyrir óeigingjarnt starf í þágu hinna verst settu á strætum Óslóborgar í kringum aldamótin 1900. 150 ár eru liðin frá fæðingarári Ólafíu og er Ólafíuhátíðin hluti af þeim verkefnum sem Íslenski söfnuðurinn í Noregi stendur að baki til þess að mynnast Ólafíu á afmælisárinu.

### Starfsfólk:

Verkefnastjóri hátíðarinnar var Valdimar Þór Svavarsson, nú fræðslufulltrúi Íslenska safnaðarins í Noregi. Honum til aðstoðar voru Lilja B. Þorsteinsdóttir úr stjórn safnaðarins og fjöldinn allur af öflugum fólki sem lagði hönd á plóginn. Sérstakar þakkir fá Lilja og Óskar maður hennar fyrir sinn þátt í að setja Ólafíustofu í fallegan búning vegna hátíðarinnar. Þá fær Jóna Margrét Arnórsdóttir sérstakar þakkir fyrir frábær störf við matargerð í kringum hátíðina. Dr. Sigríður Dúna prófessor var mikilvæg hátíðinni og þekking hennar og áhugi á Ólafíu er ómetanlegur þegar unnið er að slíkri hátíð. Sigríður var í alla staði fórnfús og hjálpsöm við að gera þessa hátíð eins eftirmynnillega og raun bar vitni. Margir aðrir tóku þátt í undirbúningi og vinnu í kringum hátíðina og eiga hrós skilið en þar má meðal annars nefna sr. Örnú Grétarsdóttur, Ingu Erlingsdóttur og Einar Traustason svo einhverjir séu nefndir.

### Skipulag hátíðar:

Laugardaginn 8. júní hófst formleg dagskrá klukkan 14:00 við stytta skáldsins Vergeland miðsvegar á milli Stortinget og Nationaltheatret í miðbæ Óslóar. Þaðan hófst svokölluð „Ólafíuganga“ sem leidd var af dr. Sigríðu Dúnu prófessor. Göngunni var stýrt á merkilega staði innan Óslóborgar þar sem Ólafía Jóhannsdóttir hafði starfað og verið á þeim árum sem hún bjó í borginni. Sigríður Dúna fjallaði á hverjum stað fyrir sig um líf og störf Ólafíu. Gangan tók um 3 tíma og endaði með því að þátttakendur voru fluttir með rútu frá Spörvaskjólí Löngugötu 35 að Ólafíustofu, skrifstofu Íslenska safnaðarins í Noregi, Pilastredet Park 20. Í Ólafíustofu gafst fólki tækifæri til þess að ræða málin og boðið upp á veitingar og tónlistaratriði. Um kvöldið þann 8. voru sérstökum gestum boðið til hátíðarkvöldverðar í tilefni af hátíðinni. Þar voru stjórnir safnaða á norðulöndunum ásamt gestum frá Íslandi og öðrum velunnurum Ólafíu Jóhannsdóttur. Á sunnudeginum var gestum frá norðulöndunum boðið í hádegisverð í Ólafíustofu og klukkan 14:00 var haldin sérstök hátíðarmessa í tilefni af Ólafíuhátíðinni í Nordberg kirkju. Messan var leidd af sr. Örnú Grétarsdóttur og sr. Ágúst Einarsson frá Svíþjóð, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnson frá Danmörku og Birgir Ásgeirsson prófastur tóku einnig til máls. Ískórin flutti nokkur lög undir stjórn Gísla Jóhanns Grétarssonar. Í lok messu var boðið upp á kaffihlaðborð sem var í höndum Íslendingafélagsins í Ósló og formleg lok hátíðarinnar voru að því loknu.



Skipulag hátíðarinnar var að sumu leiti samofið samráðsfundi stjórna safnaða á norðurlöndunum sem haldinn var á laugardageginum 8. júní undir með aðkomu prófests Reykjavíkurprófastsdæmi vestra sr. Birgis Ásgeirssonar. Stjórnarmönnum í Danmörku og Svíþjóð var boðið að koma til Óslóar og taka þátt í Ólafíuhátíðinni og á sama tíma að sitja áður nefndan samráðsfund.

#### **Markaðssetning:**

Markhópur hátíðarinnar var ekki þröngt skilgreindur en almennt gengið út frá því að viðburðurinn höfðaði til Íslendinga á aldrinum 25 ára og eldri. Engu að síður var haft samband við norska velunnara Ólafíu og þeir hvattir til að taka þátt. Hátíðin var kynnt með beinum hætti í formi kynningarpósts sem dreift var á boðsgesti, stjórnarmeðlimi og aðra sem taldir voru líklegir til að hafa áhuga. Aðilar voru hvattir til að taka þátt í beinni markaðssetningu manna á milli. Viðtal var tekið af verkefnastjóra og flutt í dagskrárliðnum Spegilinn í ríkisútvarpinu, fréttatilkynningar voru sendar á miðla á Íslandi og í Noregi, kynningarspjöld voru framleidd bæði á Íslensku og Norsku og sett upp á viðeigandi staði, auglýsingar settar inn á samfélagsmiðla Íslendinga í Noregi ásamt því sem fjallað var um viðburðinn inn á heimasíðu Íslenska safnaðarins í Noregi og á síðu Íslenska sendiráðsins í Ósló.

#### **Þátttakendur:**

Í göngunni laugardaginn 8. júní voru um 80 þátttakendur þegar mest var og má áætla að um 60 manns hafi verið í Ólafíustofu í lok göngu. Hópurinn var fjölbreytilegur en þar voru meðal annarra áhugasamir Íslendingar búsettir í Noregi, boðsgestir safnaðarins frá Norðurlöndunum, nokkrir aðilar frá Hvíta bandinu í Noregi og aðilar tengdir Olafiaklinikken svo eitthvað sé nefnt. Á sunnudeginum var haldin messa í Nordberg kirkju sem var hluti af hátíðinni þar sem voru um 50 manns.

#### **Gestir:**

Íslenski söfnuðurinn bauð ýmsum aðilum til þátttöku í hátíðinni auk þess sem margir þeirra voru þátttakendur í samráðsfundi stjórna safnaða á Norðurlöndunum auk prófests Reykjavíkur prófastsdæmis vesturs. Samtals voru gestir á vegum safnaðarins 21 talsins en þar á meðal var Sigríður Dúna sem gegndi stóru hlutverki í hátíðarhöldunum.

#### **Kostnaður:**

Stjórn Íslenska safnaðarins samþykkti kostnað upp á 200.000 nok. vegna hátíðarinnar og gróf kostnaðaráætlun frá stjórninni gerði ráð fyrir að kostnaður yrði nær 180.000 nok. Heildarkostnaður samkvæmt upplýsingum fræðslufulltrúa varð um 174.000 nok. en þar er komin inn 20.000 kr. reikningur sem barst frá Sigríði Dúnu en var ekki inn í kostnaðaráætlun stjórnar. Einnig er hægt að ræða hvaða hluti tilheyrir hátíðinni sjálfri og hvað tilheyrir hefðbundnu starfi á vegum safnaðarins, til dæmis er kostnaður vegna kaffi í lok messu á sunnudeginum inni í þessum tölum. Vinnan við hátíðina sjálfa var talsvert umfangsmeiri en rætt var um í upphafi og gera má ráð fyrir því að auka þann tíma og kostnað sem greiddur er til umsjónaraðila sé hann aðkeyptur til sambærilegs verkefnis á vegum safnaðarins.

#### **Niðurlag:**



Hátíðin fékk góðan hljómgrunn þátttakenda og var ekki annað að heyra en mikil ánægja væri með framtakið. Allt gekk að óskum og gott samstarf var á meðal þeirra sem að hátíðinni stóðu. Gestir safnaðarins og aðrir þátttakendur komu fjölmargir á framfæri þakklæti og óhætt er að fullyrða að allir sem komu að hátíðinni hafi kynnst lífi og starfi Ólafíu Jóhannsdóttur betur ásamt því að kynnst betur starfi Íslenska safnaðarins og tengingu hans við Ólafíu. Starfshættir, skipulag og kostnaðarliðir voru nokkuð vel skráðir og því getur vinnan nýst vel við að framkvæma verkefni af þessu tagi.

### **Það var sönn ánægja að vinna að þessu verkefni**

Valdimar Þór Svavarsson

*Viðauki 3.* Listanefnd: Skýrsla Eyglóar Sigmundsdóttur formanns

## **Skýrsla listanefndar Íslenska safnaðarins í Ósló fyrir árið 2013**

Hlutverk og verksvið listanefndar er að sjá um listaviðburði á vegum íslenska safnaðarins í Noregi. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi aðkomu að listaviðburðum og hafi umsjón með sérlegum tónlistarflutningi t.d. í helgihaldi í samráði við prest. Hugsunin er líka að listanefndin verði farvegur og vettvangur fyrir íslenska listamenn og aðra til að kynna sig. Nánari skilgreining á hlutverki og verksviði nefndarinnar kemur fram í skipulagsskrá sem kynnt verður safnaðarstjórn og lögð fyrir aðalfund 2014.

Árið 2013 er annað starfsár listanefndar og fyrsta heila starfsárið. Það voru haldnir fimm fundir í listanefndinni á árinu 2013. Sigríður Gísladóttir lét af störfum á miðju ári og Einar Traustason kom inn tímabundið í hennar stað, eða þar til kosinn verður nýr nefndarmaður á aðalfundi safnaðarins vorið 2014. Safnaðarstjórn ákvarðaði 140.000 kr sem nefndin hafði til ráðstöfuna á árinu og eru ársútgjöld nefndarinnar fyrir árið 2013 innan þess ramma.

Listanefnd kom að þremur stórum listaviðburðum á árinu 2013:

**In memoriam 22. október.** Minningardagur um Ólafíu Jóhannsdóttur. Listanefndin stóð fyrir minningardagskrá í Ólafíustofu á milli kl. 19:00 og 21:00 á fæðingardeggi Ólafíu, en árið 2013 voru 150 ár frá fæðingu þessarar merku konu. Sr. Arna var með minningarstund í upphafi dagskrárinnar og síðan buðu eftirfarandi listamenn og konur upp á skemmtiatriði. Sigurbjörg Þrastardóttir ljóðskáld og rithöfundur. Tómas Guðni Eggertsson organisti. Ragnhild Hilt leikkona og Hjörleifur Valsson fiðluleikari. Boðið var uppá kaffi og afmælistertu í lok dagskrárinnar. Það mættu hátt í 40 manns á minningardagskrána. Fulltrúar listanefndar stefna að því að gera þetta að árlegum viðburði og halda minningarkvöld í svipuðum dúr í Ólafíustofu á fæðingardeggi Ólafíu.

**Aðventuhátíð 1. desember.** Að vanda var haldin aðventuhátíð í Nordberg kirkju Ósló 1. sunnudag í aðventu sem að þessu sinni bar uppá 1. desember. Eftirtaldir listamenn komu fram:



Hulda Björk Garðarsdóttir sópran. Þórarinn Eldjárn rithöfundur sem flutti hátíðarræðu. Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Ískórinn söng undir stjórn Gísla J. Grétarssonar. Peggy L. Jensen lék á orgelið. Sr. Arna Grétarsdóttir var með hugvekju og Arnar Páll Michelsen formaður safnaðarstjórnar flutti ávarp. Í lok hátíðar var boðið upp á kaffi og meðlæti sem Íslendingafélagið í Ósló hafði umsjón með fyrir hönd safnaðarins. Eftir að Aðventuhátíðinni lauk bauð listanefndin aðstandendum hátíðarinnar og listafólki í hátíðarkvöldverð á Frognerseteren. (Sjá fylgiskjal 1).

**Jólamessur í Stavanger og Bergen.** Aðventumessa í Stavanger laugardaginn 7. desember og í Bergen sunnudaginn 8. desember. Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona söng sig inn í hjörtu áheyrenda og Hjörleifur Valsson fiðluleikari lék af sinni alkunnu snilli á fiðluna. Á báðum stöðum var boðið uppá kaffi og meðlæti sem íslendingafélögin stóðu fyrir fyrir hönd safnaðarins.

**Ýmis önnur mál og hugmyndir** sem unnið var að:

- a) Hjörleifur Valsson og Ingibjartur Jónsson hafa á árinu unnið drög að Skipulagsskrá listanefndar. Vinnu við endanlega gerð hennar verður haldið áfram á árinu 2014 og hún síðan send safnaðarstjórn og lögð fyrir aðalfund safnaðarins á árinu.
- b) Hugmyndir að innkaupum á listaverkum (málverk, skúlptúr eða annar listmunur) á skrifstofu prests. Einnig kaup á altarisstjökum og skírnarfont í Ólafíustofu.
- c) Gefa íslenskum listamönnum tækifæri á að kynna list sína og koma sér á framfæri.

Allar fundargerðir listanefndar liggja frammi hjá ritara.

Að lokum viljum við þakka öllum velunnurum listanefndarinnar, samstarfsólki og listamönnum samstarfið á árinu 2013. Sérstakar þakkir til Arnars Páls Michelsen formanns íslenska safnaðarins, Ingu Erlingssdóttur starfsmanns á skrifstofu safnaðarins og Valdimars Svavarssonar fræðslufulltrúa fyrir góða og ánægjulega samvinnu. Með von um gott nýtt samstarfsár 2014.

Með kveðju,

Eygló Sigmundsdóttir formaður  
Ingibjartur Jónsson gjaldkeri  
Sr. Arna Grétarsdóttir ritari

Hjörleifur Valsson varaformaður  
Einar Traustason meðstjórnandi



---

Viðauki 4. Skipulagsskrá listanefndar

Skipulagsskrá fyrir Listanefnd Íslenska safnaðarins í Noregi.

§ 1 Hlutverk og starfssvið

Listanefndin heldur utan um allt listastarf á vegum safnaðarins. Það gerir hún með því að:

- Skipuleggja listviðburði í tengslum við helgihald
- Hafa umsjón með tónlistarflutningi í helgihaldi þegar sóknarprestur óskar þess.
- Hafa umsjón með viðburðum skv. beiðni sóknarnefndar.
- Skipuleggja sjálfstæða listviðburði.
- Hafa umsjón með listmunum og listaverkum í eigu safnaðarins og vali á þeim.

Listviðburðir á vegum safnaðarins skulu vera farvegur fyrir íslenska listamenn og aðra til að kynna sig og list sína.

Nefndin skal í verkefnavali hafa að leiðarljósi kristilegan boðskap, gildi og siðferði.

§ 2 Starfsemi

Nefndin starfar með fjárframlögum frá sóknarnefnd skv. fjárhagsáætlun.

Nefndinni er heimilt að sækja um styrki og selja aðgang að listviðburðum til að fjármagna starfsemi sína

Fundarseta í nefndinni er ólaunuð

§ 3 Skipan nefndar

Listanefnd saman stendur af fimm meðlimum Íslenska safnaðarins.

- Þrír skulu kosnir á aðalsafnaðarfundi til fjögurra ára í senn
- Einn er tilnefndur af sóknarnefnd til eins árs í senn
- Einnig situr sóknarprestur í nefndinni.

Óski nefndarmaður að hætta störfum í nefndinni skal nýr meðlimur kosinn í hans stað á næsta aðalsafnaðarfundi til fjögurra ára.

Samþykkt á aðalsafnaðarfundi 4. Maí 2014.